**Sþ. 202. Breytingartillögur [1. mál]**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1983.

Frá fjárveitinganefnd.

| | Þús. kr. |
|---|---|
| 1. Við 3. gr. 0833 Vitagjald. | |
| Fyrir „1 500" kemur | 5 300 |
| 2. Við 3. gr. 0832 Skipaskoðunargjald. | |
| Fyrir „1 200" kemur | 1 380 |
| 3. Við 4. gr. 00 201 Alþingi. Nýr liður: | |
| 6 Gjaldfærður stofnkostnaður | 1 500 |
| 4. Við 4. gr. 02 201 Háskóli Íslands. | |
| a. Við 20 Laun. | |
| Fyrir „113 295" kemur | 114 915 |
| b. Við 2 Önnur rekstrargjöld. | |
| Fyrir „24 371" kemur | 27 751 |
| 5. Við 4. gr. 02 331 Íþróttakennaraskóli Íslands 20 Laun. | |
| Fyrir „1 852" kemur | 1 950 |
| 6. Við 4. gr. 02 518 Fiskvinnsluskólinn 2 Önnur rekstrargjöld. | |
| Fyrir „935" kemur | 1 935 |
| 7. Við 4. gr. 02 523 Fósturskóli Íslands 2 Önnur rekstrargjöld. | |
| Fyrir „350" kemur | 450 |
| 8. Við 4. gr. 02 553 Hússtjórnarskólar 20 Laun. | |
| Fyrir „5 679" kemur | 5 712 |
| 9. Við 4. gr. 02 580 Samvinnuskólinn 2 Önnur rekstrargjöld. | |
| Fyrir „2 165" kemur | 2 865 |

| | Þús. kr. |
|---|---|
| 10. Við 4. gr. 02 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. | |
| Fyrir „214 943“ kemur | 226 943 |
| 11. Við 4. gr. 02 881 0112 Félagsstofnun stúdenta. | |
| Fyrir „1 632“ kemur | 2 366 |
| 12. Við 4. gr. 02 885 Fullorðinsfræðsla. Nýr liður: | |
| 0107 Menntun starfsfólks á dagheimilum | 200 |
| 13. Við 4. gr. 02 902 Þjóðminjasafn 05 Byggða- og minjasöfn. | |
| Fyrir „2 520“ kemur | 3 040 |
| 14. Við 4. gr. 02 988 0104 Ungmennafélag Íslands. | |
| Fyrir „1 500“ kemur | 1 575 |
| 15. Við 4. gr. 02 989 0102 Íþróttasamband Íslands. | |
| Fyrir „5 600“ kemur | 6 000 |
| 16. Við 4. gr. 02 999 Nýr liður: | |
| 0324 Amtsbókasafn vegna prentskila | 80 |
| 17. Við 4. gr. 06 231 Sýslumaður Vík í Mýrdal. Nýr liður: | |
| 6 Gjaldfærður stofnkostnaður | 275 |
| 18. Við 4. gr. 06 283 Fangamál. | |
| a. Við 0107 Námskeið fangavarða. | |
| Fyrir „246“ kemur | 400 |
| b. Við 0109 Vistun kvenfanga. | |
| Fyrir „456“ kemur | 856 |
| 19. Við 4. gr. 07 977 Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta 0104 Sambýli. | |
| Fyrir „6 211“ kemur | 6 411 |
| 20. Við 4. gr. 978 Heimili fyrir þroskahefta. | |
| a. Við 20 Laun. | |
| Fyrir „32 656“ kemur | 33 056 |
| b. Við 2 Önnur rekstrargjöld. | |
| Fyrir „15 843“ kemur | 16 243 |
| 21. Við 4. gr. 07 999. Nýir liðir: | |
| a. 0154 Almannavarnir í Mývatnssveit | 150 |
| b. 0155 Grímseyjarhreppur, styrkur vegna tilraunavindmyllu | 75 |
| 22. Við 4. gr. 08 301 Landlæknir 2 Önnur rekstrargjöld. | |
| Fyrir „1 502“ kemur | 1 702 |
| 23. Við 4. gr. 08 375 Kristneshæli. | |
| a. Við 2 Önnur rekstrargjöld. | |
| Fyrir „4 210“ kemur | 4 310 |
| b. Við 0 Sértekjur. | |
| Fyrir „577“ kemur | 421 |
| 24. Við 4. gr. 08 381. Nýir liðir. | |
| a. 0313 Krabbameinsfélag Íslands, byggingarstyrkur | 3 000 |
| b. 0314 SÁÁ, byggingarstyrkur, fyrsta greiðsla af þrem | 1 500 |
| 25. Við 4. gr. 08 381 Uppbætur á lífeyri. | |
| Fyrir „225 420“ kemur | 225 963 |

26. Við 4. gr. 10 332 Vitastofnun Íslands. Þús. kr.

a. Við 0105 Vitabyggingar.
Fyrir „1 850" kemur .......................................... 2 850

b. Við 0106 Rekstur vitaskips.
Fyrir „4 200" kemur .......................................... 5 300

27. Við 4. gr. 10 341 Siglingamálastofnun.

a. Við 20 Laun.
Fyrir „7 537" kemur .......................................... 7 617

b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „2 477" kemur .......................................... 2 577

28. Við 4. gr. 10 485. Nýr liður:
0106 Sjálfvirkt tilkynningakerfi fyrir fiskiskip .......................... 400

29. Við 4. gr. 11 203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „724" kemur .......................................... 974

30. Við 6. gr.

a. Við 2.3. Aftan við liðinn bætist: í samráði við fjárveitinganefnd Alþingis.

b. Við 3. Nýir liðir:

3.7 Að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs og gegn tryggingum, sem hún metur gildar, lán Hitaveitu Suðurnesja erlendis að fjárhæð allt að 30 milljónir Bandaríkjadollara.

3.8 Að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð lán, sem bæjarsjóður Akureyrar tekur vegna tækjakaupa eða framkvæmda við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

c. Við 4.8. Á eftir orðunum (VHF og SSB) bætist: Framangreindar heimildir gildi einnig vegna fjarskiptatækja, sem sett kunna að vera upp í Loðmundarfirði, neyðarsenda vegna snjóflóða, svo og sérhannaðra snjósleða (dráttarsleða), sem notaðir eru til sjúkraflutninga og eru í eigu björgunar- og hjálparsveita. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

d. Við 4.13. Liðurinn orðist svo:

4.13 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sjálfvirkum símstöðvum og fjölsímum, sem flutt eru inn á vegum Póst- og símamálastofnunar.

e. Við 4.18. Í stað orðanna „og Bláfjallanefnd" komi: Bláfjallanefnd og Skíðadeild KR, Skálafelli.

f. Við 4. Nýir liðir:

4.26 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af sjúkra- og leitarbifreiðum í eign björgunarsveita og slökkvibifreiðum og stigabifreiðum slökkviliða. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

4.27 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld, sérstakt tímabundið vörugjald og sölugjald af neðansjávarmyndsjá og fylgihlutum, sem Netagerð Vestfjarða hf. kaupir.

4.28 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðaraðilar gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánum, sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa, endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti.

4.29 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af flugleiðsögutækjum, aðflugsbúnaði, lýsingarbúnaði flugvalla og öðrum öryggistækjum og fylgihlutum þeirra, sem eingöngu eru ætluð til notkunar vegna þjónustu ríkisins við flugstarfsemi. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
4.30 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af kornskurðarvélum.
4.31 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vatnshreinsitækjum fyrir Seyðisfjarðarkaupstað.
4.32 Að fella niður allt að 1.9 millj. kr. af vanskilaskuld hafnarsjóðs Suðurfjarðahrepps að lokinni frekari athugun á fjármálum hans og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar.
4.33 Að endurgreiða aðflutningsgjöld af snjóbifreiðum, sem björgunarsveitin Hafliði á Þórshöfn og bæjarstjórn Neskaupstaðar hafa fest kaup á.

g. Við 5. Nýir liðir:
5.32 Að selja Orkubúi Vestfjarða hlutdeild í aðveitustöðvum tengdum Vesturlínu (132 kV stofnlínu Hrútatunga — Glerárskógar — Mjólká) að Geiradal í Barðastrandarsýslu og Mjólká í Arnarfirði.
5.33 Að selja íbúð í eigu Húsabakkaskóla í Svarfaðardal og verja andvirðinu til að byggja nýja.
5.34 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Sólvellir 3, Selfossi.
5.35 Að festa kaup á fasteigninni Lyngás 7—9, Garðabæ, til skólahalds.
5.36 Að kaupa Ingólfsskála við Reykjavíkurhöfn til afnota fyrir Hafrannsóknastofnunina og taka til þess lán, ef nauðsynlegt reynist.

h. Við 6. Nýir liðir:
6.12 Að festa kaup á húsnæði fyrir embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum og taka til þess nauðsynleg lán.
6.13 Að kaupa, ef um semst, 5. hæð hússins nr. 105 við Laugaveg og nr. 116 við Hverfisgötu, Reykjavík, sem er í eigu Bjargráðasjóðs og Íslenskrar endurtryggingar, og taka til þess nauðsynleg lán.
6.14 Að kaupa hluta neðri hæðar í húsinu nr. 15 við Aðalgötu, Stykkishólmi, fyrir embætti sýslumannsins í Stykkishólmi, og taka til þess nauðsynleg lán.
6.15 Að kaupa jörðina Stórholt í Saurbæjarhreppi, Dalasýslu, vegna Fóðuriðjunnar í Ólafsdal og taka til þess nauðsynleg lán.

i. Við 7. Nýir liðir:
7.13 Að greiða Reykjavíkurborg eftirstöðvar af endurgreiðslu til borgarinnar vegna yfirtöku ríkisins á Öskjuhlíðarskóla og Vogaskóla (M.S.) í samræmi við samninga þar um eða eftir því sem um kann að semjast milli menntamálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar.
7.14 Að semja að fengnu samþykki fjárveitinganefndar við Vestmannaeyjakaupstað og Rafveitu Vestmannaeyja um breytt lánskjör, yfirtöku lána að hluta eða framlög úr ríkissjóði vegna lána sem kaupstaðurinn hefur tekið árin 1978—1982, að tillögu úttektarnefndar eftir gos.